



310. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 21. ágúst 2014 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru:

Hafdís Bjarnadóttir forseti bæjarstjórnar, HB
Sigurðar Páll Jónsson, SPJ
Katrín Gísladóttir, KG
Lárus Á. Hannesson, LÁH
Davíð Sveinsson varamaður Ragnars, DS
Helga Guðmundsdóttir, HG
Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri SB
Pór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Hafdís Bjarnadóttir, setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Fundagerðir bæjarráðs.

1.1. Fundagerð bæjarráðs nr. 513, dags. 14. ágúst 2014.

Fundagerð framlögð.

Liður 1 fundagerð skipulags- og bygginganefndar – 175 dags. 11. ágúst 2014.

Fundagerð framlögð.

Liður 1 Neskin 7 - Umsókn um byggingarleyfi.

Agnar Jónasson kt.270662-3909 sækir um byggingarleyfi fyrir palli við Neskin 7 samkvæmt skissu.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2 Smiðjustígur 6 - Umsókn um byggingarleyfi.

Karvel H. Jóhannesson kt.131052-2869 sækir um byggingarleyfi fyrir að færa kjallarahurð á norðurhlið samkv. uppdráttum frá Arkitektum Ólöfu og Jón ehf. Múrað uppí hurðaropið á vesturhlið. Einnig er óskað eftir að húsið verði skráð við Súgandiseyjargötu, þar sem aðkoman er þar. Með umsókninni fylgja bréf frá Húsafriðunarnefnd dags. 29.4.2004, og tvö önnur bréf dags 28. júlí 2003 og 25. ágúst 2003. Umsögn frá Minjastofnun liggur ekki fyrir.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum og með fyrirvara um samþykki Minjastofnunnar. Skipulags- og byggingarnefnd tekur vel í að húsið verði við Súgandiseyjargötu og verði númer 8.



Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 3 Smiðjustígur 6 – pallur.

Karvel H. Jóhannesson kt.131052-2869 sækir um byggingarleyfi fyrir að taka úr grjótgarði fyrir tröppum og sorpgeymslu og fyrir palli sem tekur við af tröppum og áframhaldandi aðgengi upp að steiptum vegg. Með umsókninni er skissa og bréf.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 4 Skólastígur 11 - Umsókn um byggingarleyfi.

Stykkishólmsbær kt.620269-7009 óskar eftir byggingarleyfi fyrir breytingum innanhús á Skólastíg 11, samkv. uppdrætti frá Onyx ehf kt.090467-5229.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr. 2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðari breytingum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: HB

Liður 5 Laufásvegur 10 - pallur og grindverk.

Sara Hjörleifsdóttir kt.120884-2209 og Árni Ásgeirsson kt.140186-3179 sækja um byggingarleyfi fyrir sólpalli og skjólvegg við íbúðir á efri og neðri hæð Laufásvegar 10. Einnig er sótt um grindverk við inngang vegna þess hve vegur stendur nærri inngangi neðri hæðar. Með umsókninni fylgja skissur og samþykki nágranna við Laufásveg 12.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 6 Austurgata 10 – bílastæði.

Halldór J Kristjánsson kt.270177-4689 sækir um að fá að setja bílastæði vestanmegin við Austurgötu 10 og gangstétt verði tekinn niður fyrir akstur.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og leggur til að gangstétt verði löguð fyrir framan nýtt bílastæði svo hægt sé að nota bílastæðið.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Jafnframt samþykkir bæjarráð að ekki verði heimilaðar bílastöður við gangstétt frá gatnamótum Austurgötu/Skúlagötu að Tangagötu af umferðar og öryggisástæðum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 7 Vatnsás 10 – deiliskipulag.



Kristján Berntsson kt.070270-3749 skækir um fyrir hönd Útgerðarfélagið Rán ehf kt.640395-2069 um deiliskipulag við Vatnsás 10.

Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að tillaga deiliskipulags verði auglýst samkvæmt 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að fallið verði frá gerð "Lýsingar" þar sem meginforsendur koma fram í aðalskipulagi samkv. gr.5.2.2 í skipulagsreglugerð nr.90/2013.

Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að gerð verði óveruleg breyting á aðalskipulagi og auglýst samhliða samkv. 41.gr skipulagslaga nr.123/2010 önnur málsgrein þar sem lóðin verður skilgreind á svæði "verslunar og þjónustu" (VP) í stað þess að vera á "opnu svæði til sérstakra nota".

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 8 Aðalgata 3 - Stöðuleyfi – vinnuskúr.

Guðbrandur G. Garðarsson kt.270967-4859 óskar eftir stöðuleyfi á vinnuskúr við Aðalgötu 3 frá 8.6.2014 til 1.10.2014. Vöntun er á lageraðstöðu, nauðsynlegt fyrir sumarkeyrslu veitingarstaðarins Narfeyrarstofu ehf. Með umsókninni er skissa af svæðinu, grenndarkynning sem er undirrituð (fyrir hönd sóknarnefndar Stykkishólmskirkju, fyrir hönd Agustsson ehf og fyrir hönd Marz ehf). Samþykki eiganda Aðalgötu 3 fylgir með. Erindi frestað á fundi 174 og óskað eftir gögnum.

Skipulags og byggingarnefnd hafnar erindinu og óskar eftir að skúrinn verði fjarlægður strax, þar sem hann er utan lóðar.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt og húsið verði fjarlægt fyrir 1. september n.k.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Samþykkt að framlengja þann frest sem bæjarráð gaf til 1. október. Bæjarstjóri falið að eiga viðræður við rekstaraðila að Aðalgötu 3 og erindi þeirra um afnotarétt lóðar verði vísað til skipulags- og byggingarnefndar.

Til máls tóku: allir

Liður 9 Frúarstígur 1 - umsókn um framhald stöðuleyfi v/frysti- og kæligáms.

Þorsteinn Magnússon kt.230462-4619 sækir um fyrir hönd Frúarstígs 1 ehf kt.550508-1410 um framhaldsstöðuleyfi v/frysti- og kæligáms við Frúarstíg 1.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og veitir stöðuleyfi til eins árs, en ekki verður um frekari framlengingu stöðuleyfis að ræða.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 10 Bókhöðustígur 9 - bréf til skipulags- og byggingarnefndar.

Ingibjörg Þorvaldsdóttir kt.250625-4059 sendir skipulags- og byggingarnefnd bréf dags. 08.ágúst 2014 vegna vegspotta yfir lóð sem sennilega tilheyrir Silfurgötu 13 eða Bókhöðustíg 9 að inngangi íbúðar



við Silfurgötu 15. Mótmælt er þessari framkvæmd. Meðfylgjandi eru ljósmyndir, bréf v/grenndarkynningar dags.19.des.2013 og kára til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags 28.feb.2014. Lagt er fram bréf eiganda fasteignarinnar númer 9 við Bóklöðustíg. Skipulags- og byggingarnefnd sér ekki ástæðu til bregðast við erindinu þar sem framkvæmdir eru á svæðinu vegna stoðveggjar.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Til máls tóku:allir

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Liður 6 bréf varðandi ósk um áframhaldandi samstarf um rekstur „visit“ vefanna, dags. 18.06.2014.

Bæjarráð samþykkir að taka þátt í verkefninu og veita styrk að upphæð kr. 100.000.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 7 bréf varðandi: Beiðni um stuðning við starf Hróksins í þágu barna og ungmenna á Grænlandi og Íslandi ódags. barst 19.06.2014.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 8 bréf varðandi: Beiðni um styrk til kennslu listnámsbrautar fyrir fólk með fötlun á Snæfellsnesi dags. 05.06.2014.

Bæjarráð tekur jákvætt undir þetta athyglisverða erindi. Samþykkt að ræða nánar við Símenntun Vesturlands og önnur sveitarfélög á Snæfellsnesi um málið.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:HG og SB

Liður 9 bréf varðandi: Umsókn um styrk til að halda félagsfund í heimabyggð ódags.2014.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni, en er tilbúið að leggja til húsnaði vegna kynningafunda.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 10 minnisblað til bæjarráðs varðandi ráðningu framkvæmdastjóra Svæðisgarðs Snæfellsnes dags.11.08.2014.

Tillaga: Lagt er til að við endurskoðun fjárhagsáætlunar 2014 verði kostnaður vegna þessara skuldbindinga tekinn inn í rekstur og tekjur tryggðar til þess að standa undir þessu nýja verkefni bæjarsjóðs.

Tillaga samþykkt.



Bókun

Gert var ráð fyrir fjármunum í verkefnið undir liðnum „óráðstafað fé“ númer 2180. Sjálfsagt er að taka þennan rekstrarþátt í sér lið við endurskoðun áætlunar.

Lárus Ástmar Hannesson
Helga Guðmundsdóttir
Davíð Sveinsson

Til máls tóku: LÁH og SB

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 11 minnisblað frá bæjarstjóra varðandi heimild til undirbúnings sölu á gamla skólahúsinu og húsnæði bókasafns dags.11.08.2014.

Tillaga: Lagt er til að bæjarstjóra verði falið að setja upp kynningu á þessum áformum í auglýsingu þar sem fram komi, að gamli skólinn verði til sölu ásamt með byggingarrétti á lóð skólans. Verði lóðar og byggingarréttur skýrt afmörkuð í kynningu. Hús Amtsbókasafnsins verði með sama hætti auglýst til sölu.

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH,SB,DS og HB

Liður 12 minnisblað til bæjarráðs varðandi samrekstur safna í Stykkishólmi, dags.11.08.2014.

Tillaga: Lagt er til að bæjarstjóra verði falið að hefja vinnu við endurskoðun á rekstri safna og upplýsingamiðstöðvar og viðkomandi nefndum falið að meta möguleika á breyttu skipulagi með stjórnendum safnanna.

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH,SPJ,HB og SB

Liður 13 minnisblað til bæjarráðs varðandi styrk til Eflingar um að halda Danska daga, dags.11.08.2014.

Tillaga:

Lagt er til að í ár verði veittur styrkur til Eflingar Stykkishólms að upphæð kr.900.000,- Verði vinnuframlag og kostnaður Áhaldahúss hluti styrksins með sama hætti og verið hefur.

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: HB,LÁH,KG,DS,SB og SPJ



Liður 14 minnisblað til bæjarráðs varðandi viðræður við AA-samtökin um aðstöðu í Setrinu, dags.11.08.2014.

Tillaga: Lagt er til að AA-samtökunum verði boðin aðstaða í Setrinu við Skólastíg og húsnæðið Aðalgata 22 (Gamla Bensó) verði eingöngu nýtt fyrir félagsstarf ungmenna uns húsið verður rífið og ný félagsmiðstöð opnuð. Jafnframt verði þetta gert í góðu samkomulagi við Aftanskin félag eldri borgara í Stykkishólmi.

Tillaga samþykkt með áorðnum breytingum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku:SB,HG,LÁH,SPJ og HB

Liður 15 umsókn um tækifærisleyfi Eflingar um dansleik á bryggjunni á Dönskum Dögum 15 ágúst, dags, 08.08.2014.

Bæjarráð hefur ekki athugasemdir varðandi veitingu tækifærisleyfis til Eflingar vegna dansleik á bryggjunni á Dönskum dögum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 16 bréf Sýslumanns Snæfellinga varðandi Tónleika á vegum Snæfells í Íþróttamiðstöðinni, dags.06.08.2014.

Bæjarráð hefur ekki athugasemdir varðandi tónleika á vegum Snæfells í Íþróttamiðstöðinni á Dönskum dögum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Davíð situr hjá vegna tengsla.

Liður 17 þóknun bæjarfulltrúa tillaga bæjarstjóra.

Tillaga:

a) Þrátt fyrir ákvæði 32. greinar sveitarstjórnarlaga skal ekki greiða fasta mánaðarlega greiðslu bæjarfulltrúa til núverandi bæjarstjóra og verður sú greiðsla hluti af umsömdum launum bæjarstjóra.

Samþykkt og Sturla sat hjá.

b) Lagt er til að þóknun vegna setu í bæjarstjórn og í nefndum verði endurmetin frá og með 1.1.2015 og höfð til hliðsjónar sú launaþróun sem almennt hefur orðið hjá sambærilegum sveitarfélögum.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: allir

Liður 18 tölvupóstur varðandi endurnýjunar Framkvæmdaáætlunar Snæfellsness, dags12.08.2014.

Samþykkt að vísa erindinu til umhverfisnefndar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók:SB



Liður 19 tölvupóstur varðandi 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna á næsta ári, dags. 12.08.2014.

Samþykkt að vísa erindinu til safna- og menningarmálanefndar, ásamt til stofnana Stykkishólmsbæjar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók: HB

Liður 20 bráðabirgðauppgjör fyrir Stykkishólmsbæ janúar-júní 2014 dags. 11.08.2014.

Bráðabirgðauppgjör vegna fyrstu sex mánaða bæjarsjóðs Stykkishólmsbæjar framlagt. Samkvæmt fjármálareglum sveitarfélaga, þurfa rekstargjöld og tekjur að vera í jafnvægi innan þriggja ára tímabils, sem þýðir að rekstarafgangur Stykkishólmsbæjar þarf að vera a.m.k. 14 milljónir á árinu 2014. Þess vegna er mjög mikilvægt er að fara varlega í fjármálum Stykkishólmsbæjar á næstu mánuðum m.a. vegna nýrra kjarasamninga sem gerðir hafa verið við starfsmenn Stykkishólmsbæjar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: SB,LÁH,SPJ,HG og HB

Bókun

Afar ánægjulegt er að bráðabirgðauppgjör Stykkishólmsbæjar fyrir janúar til júní skilar rekstrarniðurstöðum í hagnaði uppá rúmar 12 milljónir en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu uppá rúmar 4,2 milljónir. Niðurstaðan er því tæpum 8 milljónum jákvæðari en áætlun gerði ráð fyrir. Mikilvægt er að áfram verði gætt aðhalds í rekstri Stykkishólmsbæjar ekki síst þar sem óvissa er varðandi launaútgjöld bæjarins.

Lárus Ástmar Hannesson

Helga Guðmundsdóttir

Davíð Sveinsson

Vegna bókunar hér að framan er mikilvægt að draga þetta fram: Það er staðreynd að útgjöld vegna áætlaðra framkvæmda hafa ekki verið færðar inn í uppgjör og því óvarlegt að gera ráð fyrir þeim afgangi sem er fyrstu sex mánuði ársins. Því er mikilvægt að draga úr útgjöldum til áramóta ef ná á því markmiði sem fjármálareglur setja að jöfnuður verði í útgjöldum þrjú síðastliðin ár.

Sturla Böðvarsson

Hafdís Bjarnadóttir

Sigurður Páll Jónsson

Katrín Gísladóttir

Liður 21 forkaupsréttur að Austurgötu 9 Stykkishólmi.

Bæjarráð hafnar forkaupsrétti að Austurgötu 9 í Stykkishólmi.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 23 Lárus spurðist fyrir um frágangi á samningi á lóðamálum milli Aðalgötu 7 og Víkurgötu 1.



Bæjarstjóri gerði grein fyrir stöðu málsins.

Til máls tóku:LÁH,HG,SPJ og SB

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1 Fundargerð - Skipulags- og bygginganefnd nr. 175 dags. 11.08.14.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.2 Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis Stykkishólms nr. 83 dags. 9.07.2014.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

3. Annað

3.1 Kjör fulltrúa Stykkishólmsbæjar á hluthafafund Jeratúns ehf sem haldinn verður 29.ágúst n.k.

Tillaga um að Sturla Böðvarsson bæjarstjóri fari með atkvæði
Stykkishólmsbæjar á hluthafafundi Jeratúns ehf. sem haldinn verður 29.
ágúst n.k.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:07

Þór Örn Jónsson